

Sælir Bændur.

Nú erum við að hefja sláturtíð sem verður að mörgu leyti mjög frábrugðin öðrum sláturtíðum vegna þessarar veiru sem er í gangi. Þessar reglur geta tekið breytingum og þá munum við láta ykkur vita strax á heimasíðunni okkar og facebook síðunni.

Set hér nokkrar upplýsingar um þær breytingar sem verða.

- Fjallalamb verður lokað og utanaðkomandi ekki heimilt að koma inn í Fjallalamb. Þar með talið eru bændur og allt annað fólk sem ekki er í vinnu hjá okkur.
- Við munum framvísa ykkar fé og taka merki úr ef þið biðjið um það.
- Vigtarseðlar eru sendir í tölvupósti til ykkar og bið ég ykkur um að skoða þá vel sem fyrst og láta okkur vita ef þið sjáið einhverjar villur.
- Þeir sem vilja fá vigtarseðil sendan í venjulegum pósti þurfa að biðja sérstaklega um það.
- Varðandi heimtöku þá þurfið þið að hringja í okkur daginn fyrir slátrun og láta okkur vita fjölda og magn.
- Gæta þarf að útgefnum fjarlægðarmörkum milli bílstjóra og bónda. Bændum er ekki heimilt að fara upp í fjárflutningabíl.
- **Nýtt:** Þið þurfið að staðfesta á afhendingarseðli að ykkar fé komi af covid fríu svæði.
- Einnig þurfið þið að skrá fjölda Sauða á afhendingarseðli sem þið eruð að senda frá ykkur.

Taka þarf öll lömb af káli 2-3 dögum fyrir flutningsdag. (mjög mikilvægt)

Sláturgripir þurfa að vera tilbúnir til flutnings kl:12 á hádegi á flutningsdegi.

Öllum litamerktum gærum og tvíreyfum er hent. Endilega varist því notkun á öllum litum eins og kostur er.

Heimtaka á fullorðnu.

Hægt er að slátra fullorðnu í eigin birgðir sé það sótt á 3.degi. Við geymum ekki ærkjöt í eigin birgðum lengur en það. Ef bændur vilja láta okkur vinna kjöt af fullorðnu verður það að vera heimtaka í fjallalambsbirgðum.

Heimtaka á lömbum.

Athugið. Lömb undir 10 kg. fara sjálfkrafa í heimtöku.

Hægt verður að geyma allt að 15 lambskrokka sem slátrað er í eigin birgðir á hvern bónda. Fari fjöldi yfir 15 stk þarf að semja um það sérstaklega.

Eins og fyrri ár þá verður ekki tekið við sögunarbeiðnum á eigin birgðum í lambi fyrr en eftir 1. Nóvember. Við munum hins vegar afgreiða fjallalambsbirgðir eftir óskum.

Hrútakjöt til færeyja.

Við munum greiða 100kr/kg fyrir hrútakjöt. Mikilvægt að fá þá sem fyrst í september.

1.dags afgreiðslufrestur er á öllum sögunar,afgreiðslupöntunum. Við munum þó afgreiða samdægurs ef tími er til.

Opnunartími í frystihólfageymslu frá og með 1.september 2020.

Mánudaga til fimmtudaga 7-16.00

Föstudaga 7-12.00

Vinnslu og sögunarbeiðnir.

Við óskum eftir því að fá sem flestar sögunar og vinnslubeiðnir ásamt pöntunun í

tölvupósti á arna@fjallalamb.is Nú er einnig hægt að panta sögun á skrokk á

heimasíðunni okkar www.fjallalamb.is og smellið síðan á panta skrokk. En þeir sem

ekki hafa aðgang að tölvupósti eða interneti hringja bara í okkur í síma 4652140.

Bestu kveðjur Björn Víkingur.